

# Mineral Lime Paint

## Kalkmálning



### Efnislýsing

Corical kalkmálningin er náttúruleg, almött og dýptin í litunum alveg einstök og sérlega falleg. Áferðin og mild litbrigðin eru breytileg og stjórnast af áferð við málun, birtuskilyrðum og lýsingu. Litirnir eru fjölmargir og allir náttúrulegir jarðlitir. Kalkmálning er máluð á veggjum með stórum pensli til að fá þessa fallegu, lifandi áferð.

Ekta kalkmálning er hreint náttúru efni og umhverfisvæn afurð sem stuðlar að heilnæmu andrúmslofti þar sem hún inniheldur hvorki plast- né rotvarnarefni, enda byggja þau á ævagómlum vinnsluáferðum sem komu fram löngu fyrir tíma plast- og iðnaðarefna. Kalk er mjög basískt efni og því þrífst ekki í því mygla. Athugið að plastmálning er oft ranglega kölluð kalkmálning ef hún er að einhverju leyti blönduð kalki. Þannig málning skilar hvorki þessari einstöku dýpt né hefur framangreinda umhverfisvæna eiginleika.



### Meðhöndlun

1. Áður en málað er með kalkmálningu skal grunna með sérstökum kalkgrunni. Þetta er gert til að kalkmálningin loði betur við og auðveldara sé að bera hana á flötinn. Óþarft er að grunna ef mála á ómeðhöndlaðan stein eða áður kalkmálaðan flöt.
2. Breiðið vel undir flötinn því hætt er við að kalkið slettist. Hrærið í dósinni. Þynnið með vatni ef vill.
3. Forðist að skera sérstaklega að ómáluðum fleti. Notið málningarlímband og málið beint út frá því.
4. Kalkmálningin er borin á með stórum pensli eða þar til gerðum kalkpensli. Málið upp og niður eða takið flötinn langsum í stuttum eða löngum strokum (t.d. 60-100 cm). Einnig má krossa flötinn á handahófskenndan hátt; allt eftir því hvaða áferð verið er að sækjast eftir. Þrýstingur á pensilinn skiptir máli því ólík áferð fæst með léttum strokum en með þéttum. Þynna má kalkmálningu til að léttara sé að bera hana á (allt að 50%). Dökk kalkmálning er oft svolítið þykkari en ljós vegna hærra hlutfalls litarefna. Ef sóst er eftir mikilli hreyfingu á fletinum er ráðlegt að mála fyrri umferðina fremur ójafnt, jafnvel svo skíni hér og þar í gegn. Málið síðan allan flötinn í einu; ekki stöðva fyrr en hann hefur allur verið málaður. Málið a.m.k. 2 umferðir. Ekki mála yfir kitti, það blæðir í gegn.
5. Ef þurfa þykir má nota Decorators Varnish Dead Flat sem vörn yfir kalkyfirborðið. Litir og dýpt breytast eitthvað, mismikið eftir litum.
6. Lítið mál er að breyta yfir í plastmálningu seinna meir. Ef kalkmálningin er grófmáluð eða laus í sér skal pússa þá fleti með sandpappír nr. 220 og grunna síðan yfir með Professional Microdispers bindigrunni frá Nordsjö – það er mjög fljótlegt. Þá er flöturinn tilbúinn undir „venjulega“ innimálningu. Hið sama gildir ef yfirborðið er vaxvarið, en þá þarf grófari sandpappír, t.d. nr. 80-100.

**LISTRÆN ÚTKOMA:** Það er engin rétt eða röng áferð á kalkvegg. Útkoman getur orðið mismunandi eftir litum þegar unnið er með náttúru efni, t.d. sjást pensilförin meira í dýpri litum. Málun þarf síðan ekkert endilega að vera lokið að fullu eftir tvær umferðir. Algengt er að menn taki strokur hér og þar til að ná rétta útlitinu, jafnvel nokkrum sinnum á mismunandi tímum. Málið er bara að vera afslappaður og skapandi þar til maður er ánægður. Á netinu má finna gnótt af myndum og myndböndum sem sýna verklagið. Sláið t.d. inn leitarorðin „How to apply lime paint“ eða „How to decorate with lime paint“.

### Tæknilegar upplýsingar

**Tegund:** Kalkmálning

**Til notkunar:** Innanhúss

**Gljástig:** Almatt steinefnaútlit

**Þéttleiki:** Um 1,67 kg/l

**pH:** 13

**Yfirmálun:** Um 8 klst

**Þekja:** Um 8 m<sup>2</sup>/l

**Þynning:** Fyrri umferð um 20% með vatni, seinni umferð um 0-10%

**Verkfæri:** Pensill, tuska og svampur

**Hreinsun:** Vatn strax eftir notkun

**Litir:** 150+

**Umbúðir:** 1 og 5L

**Geymsla:** Í frostfríu rými

**Rokgjörn lífræn efni:** EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/a) 75 g/l (2010). Inniheldur mest 2 g/l.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grimur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.